

Reykjavík
24. febrúar 2025

Til: **Stefáns Eiríkssonar, útvarpsstjóra og stjórnar RÚV**

Efni: **Áskorun um að krefjast þess að ísraelska ríkisútvarpinu Kan verði vikið úr Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision) 2025.**

Kæri útvarpsstjóri, kæra stjórn

Við, hópur fyrrum aðdáenda Eurovision víðs vegar að á landinu, skorum á RÚV að beita sér fyrir því að Kan, ísraelska ríkisfjölmiðlinum, verði vikið úr Eurovision 2025.

Árið 2022 var RÚV einn þeirra ríkisfjölmiðla sem skoraði á samband evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) að vísa rússneska ríkisfjölmiðlinum úr keppni. EBU tók þá ákvörðun með vísan til grunngilda sambandsins og keppninnar og lagði áherslu á að:

- Þátttaka Rússlands gæti skaðað orðspor keppninnar.
- EBU væri ópólitísk samtök ljósvakamiðla sem hefðu skuldbundið sig til að standa vörð um gildi almannþjónustu.
- Eurovision væri vettvangur sem ætti að efla samskipti og skilning, sameina áhorfendur, fagna fjölbreytileika í gegnum tónlist og skapa samstöðu í Evrópu.

Sömu rök eiga við í dag varðandi ísraelska ríkisfjölmiðilinn. **Kan hefur ítrekað birt efni sem gengur gegn þeim grunngildum sem EBU hefur sett sér, og með því að heimila þátttöku Kan grefur EBU bæði undan þessum grunngildum og eigin trúverðugleika.**

Sem dæmi má nefna hefur Kan ítrekað birt efni sem:

- Réttlætir og dregur úr alvarleika stríðsglæpa, nauðungarflutninga og annars ofbeldis gegn Palestínumönnum.** Með slíkri umfjöllun Kan er næsta víst að þátttaka þeirra í Eurovision skaði orðspor keppninnar, rétt eins og EBU taldi gilda um rússneska fjölmiðilinn árið 2022.
- Dregur upp ímynd af Palestínumönnum sem ógn, síbrotafólki og hryðjuverkamönnum,** sem stuðlar að afmennskun þeirra og hvetur til haturs gegn þeim. Þetta er í beinni andstöðu við skuldbindingu EBU um að standa vörð um gildi almannþjónustu og hlutverk ljósvakamiðla í þágu samfélagsins.

3. **Breiðir út áróður sem réttlætir kerfisbundið ofbeldi og útilokun Palestínumanna með aðskilnaðarstefnu (e. apartheid).** Með því að heimila Kan þátttöku grefur EBU undan Eurovision sem vettvangi sem á að efla samskipti og skilning þvert á landamæri, sameina áhorfendur, fagna menningarlegri fjölbreytni með tónlist og vera tákn friðar og samstöðu í Evrópu.

Í fylgiskjali A er að finna fjölmörg dæmi um umfjöllun Kan sem gengur gegn framangreindum grunngildum. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða en fjöldinn er slíkur að ekki verður hjá því komist að draga þá ályktun að um kerfisbundinn áróður Kan sé að ræða.

Hér eru nokkur dæmi úr listanum:

- Þáttur titlaður „Gaza – Hryðjuverkaríki: Höfum við áður misst af tækifæri til að rýma Gaza?“ Í þættinum er fjallað um nauðungarflutninga, sem teljast glæpur gegn mannkyni, eins og um eðlilegar og löglegar aðgerðir í stríðsátökum væri að ræða ([hlekkur](#), titil má t.d. þýða með Google translate).
- Grínþáttur þar sem landspektur sjónvarpsmaður lýsir vonbrigðum með að aðgerðir hersins á Gaza séu ekki nægar til að jafngilda þjóðarmorði ([hlekkur](#)).
- Fréttapulur Kan áritar sprengjur sem til stendur að varpa á fólk á Gaza ([hlekkur](#)).
- Barnakór syngur um að „útrýma þeim öllum“ ([hlekkur](#) og [hlekkur](#)).
- Viðtal við kennara sem hvetur til brottflutnings og dráps þeirra Palestínumanna sem neita að yfirgefa Gaza ([hlekkur](#) og [hlekkur](#)).
- Viðtal við byggingarverktaka í ólöglegri landtökubýggð á Vesturbakkanum sem réttlætir aðskilnaðarstefnuna og segist ekki ráða Palestínumenn því þeir vilji drepa Gyðinga ([hlekkur](#)).
- Myndband af niðurrifi húss á Gaza með titlinum „*A small push – and a crash...*“ Gjöreýðilegging borgaralegra innviða er sett fram eins og um léttvægar aðgerðir sé að ræða ([hlekkur](#)), en ekki grundvallaratriði í yfirstandandi dómsmáli fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, þar sem hún kann að falla undir skilgreiningu þjóðarmorðs (e. genocide).
- Viðtal við hermann sem var hluti af innrásarliði Ísraels á Gaza. Í viðtalinu afmennskar hann Palestínumenn með því að gera þá tortryggilega sem kynferðislega siðspillta hryðjuverkamenn ([hlekkur](#)).
- Kan staðhæfir að að barnalæknirinn Dr. Hussam Abu Safia, sjúkrahússtjóri Kamal Adwan sjúkrahússins, og samstarfsfólk hans séu hryðjuverkamenn ([hlekkur](#)). Orðræða sem afmennskar heilbrigðisstarfsfólk og réttlætir hernaðaraðgerðir sem lama heilbrigðiskerfið – líflínu almennra borgara á Gaza.

RÚV hefur áður tekið afstöðu með því að krefjast þess að Rússlandi yrði vikið úr Eurovision árið 2022.

Þegar RÚV, ásamt öðrum evrópskum ríkisfjölmiðlum, hvatti til að Rússlandi yrði meinuð þátttaka í Eurovision, var það m.a. gert á forsendum þess að ríkisfjölmiðill sem tekur þátt í keppninni verði að standa vörð um grunngildi hennar. Framangreind dæmi sýna að Kan hefur undanfarin misseri ítrekað brotið gegn þeim gildum.

Við skorum á RÚV að leita eftir samstarfi við ríkisfjölmiðla víðs vegar um Evrópu sem eru tilbúnir til að taka afstöðu og vinna að formlegri áskorun til EBU, stýrihóps Eurovision (*Eurovision Reference Group*) og sjónvarpsnefndar Eurovision (*Eurovision Television Committee*). Í fylgiskjali B, með þessu bréfi, er að finna lista yfir sjónvarpsstöðvar gætu stutt slíka áskorun. Fáist engir samstarfsaðilar skorum við engu að síður á RÚV að leggja fram slíka áskorun til EBU. Nú þegar hefur slóvenski ríkisfjölmiðillinn RTVSLO [krafist þess sama](#).

Samræmi í afstöðu

Við væntum þess af stjórnendum Ríkisútvarpsins að þeir fylgi sömu viðmiðum og árið 2022 og beiti sér fyrir því að Eurovision verði ekki vettvangur fyrir þátttakendur sem brjóta svo alvarlega gegn grunngildum keppinnar að það grefur undan trúverðugleika hennar sem vettvangs samstöðu, fjölbreytileika og friðar.

F.h. hóps fyrrum aðdáenda Eurovision



Guðný Nielsen

Fylgiskjal A: Dæmi um efni sem Kan hefur birt sem brýtur í bága við reglur EBU og Eurovision

Efni	Hlekkur
Áróður sem afmennskar Araba með því að stimpla samfélag þeirra sem glæpasamfélag.	https://www.kan.org.il/content/kan/kan-11/p-798248/
Áróður sem afmennskar palestínska heilbrigðisstarfsmenn með því að stimpla þá sem glæpamenn og réttlæta varðhald/fangelsun þeirra.	https://x.com/ireallyhateyou/status/1873071064231600213
Áróður sem afmennskar Palestínnumenn með því að stimpla samfélag þeirra sem glæpasamfélag og réttlæta þjóðarmorð.	https://x.com/i/status/1875204850662683117
Áróður sem afmennskar Palestínnumenn með því að stimpla samfélag þeirra sem glæpasamfélag, gera grín að þeim og móðga.	https://x.com/ireallyhateyou/status/1775560910968336765
Barnakór syngur „eftir eitt ár munum við útrýma þeim öllum“, réttlæting fyrir þjóðernishreinsunum og lof um eyðingu Gaza.	https://archive.is/2023.11.19-134658/https://twitter.com/kann_news/status/1726158106453742004
Bleikpvottur	https://x.com/i/status/1861926107840159753

fréttapulur á Kan 11 tileinkar sprengjur „fólkinu á Gaza“, stuðningi við herinn og þjóðarmorði.	https://www.youtube.com/watch?si=gO718ggPIbaPcvE4&v=7BwxweMU11s&feature=youtu.be
Kennari hvetur til brottflutnings íbúa Gaza, að drepa þá ef þeir neita að fara, og einnig til hernáms í suðurhluta Líbanons. Stuðningur við þjóðarmorð, þjóðernishreinsanir og stríðsglæpi. Nánari upplýsingar sjá: https://archive.md/mzWhe#selection-1065.68-1065.79	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/s2024/825913/
Kynþáttafordómar.	https://x.com/i/status/1857424528881660187
Lof um þjóðarmorð	https://x.com/i/status/1856424438184431736
Réttlæting kynþáttafordóma og aðskilnaðarstefnu.	https://x.com/ireallyhateyou/status/1801914618664698149
Réttlæting þjóðernishreinsana á Gaza.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-591147/s1/856734/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/841284/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/843318/

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/841117/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/840836/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/838140/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/817745/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/818284/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/820454/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/819386/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/820474/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/821531/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/823392/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/824997/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/831199/

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-591147/855734/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/831670/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/831672/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/835945/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/807571/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/808585/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/810380/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/811643/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/811638/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/812109/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/812506/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/816425/

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/816413/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/816420/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/season-2023/640278/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/s2024/831827/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/season-2023/571546/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/season-2023/580966/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/season-2023/662676/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/dig/digital/p-11685/season-2023/658040/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/806602/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/804979/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/804973/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/795826/

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/803162/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/802503/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/801767/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/799614/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/797662/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/793591/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/793960/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/793209/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/792215/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/792411/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan/podcasts/p-8230/854292/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/785573/

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/784767/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/784398/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/782859/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/782863/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/783275/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/781065/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.kan.org.il/content/kan/kan-11/p-11766/
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/i/status/1876811614919217652
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/p/DExge2VuMiQ/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DD_mTgJI0AT/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DDHFrxyuddO/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DCv3EyfpbRf/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DBkO4alHTv/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DBb_j5XONDq/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/reel/DBONUS8tVPQ/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://www.instagram.com/p/DBKFONFo-rL/?utm_source=ig_web_copy_link&igsh=MzRIODBiNWFIZA==
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886490791389856046
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886462910521598461
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886444085000503341
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886373790122115289
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886068507332297040
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1886033686878970199
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1885956547139752157
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1885922298835726739

Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1885769479801495961
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1885735919098974445
Stuðningur við aðgerðir ísraelska hersins.	https://x.com/kann_news/status/1885329939282469297
Stuðningur við aðskilnaðarstefnu gegn palestínsku samfélagi.	https://x.com/ireallyhateyou/status/1795873566182752533
Stuðningur við eyðilleggingu heimila á Vesturbakkanum.	https://x.com/kann_news/status/1886046223645192549
Stuðningur við gjöreyðingu Gaza.	https://x.com/kann_news/status/1801645491110679008
Stuðningur við herinn, lof um eyðingu þorpa í Líbanon.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/836308/
Stuðningur við herinn, lof um eyðingu þorpa í Líbanon.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/818236/
Stuðningur við hernám í Sýrlandi.	https://x.com/i/status/1871266690031325309
Stuðningur við hernám og þjóðernishreinsanir.	https://www.kan.org.il/content/kan/kan-moreshet/p-704520/855089/
Stuðningur við hernám og þjóðernishreinsanir.	https://x.com/i/status/1861934370850062482

Stuðningur við hernám og þjóðernishreinsanir.	https://x.com/i/status/1882582515992662234
Stuðningur við hernám Vesturbakkans.	https://x.com/kann_news/status/1886494493077024904
Stuðningur við hernámið.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/797187/
Stuðningur við Netanyahu.	https://x.com/kann_news/status/1886368823437058433
Stuðningur við Netanyahu.	https://x.com/kann_news/status/1886142567730831393
Stuðningur við ríkisstjórn Netanyahus.	https://www.kan.org.il/content/kan-news/newstv/p-11894/s1/809367/
Stuðningur við þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir.	https://x.com/i/status/1875204652842864984

Fylgiskjal B: Líklegir samstarfsaðilar RÚV um frávísun Kan úr Eurovision 2025

1. Ríkisfjölmiðlar sem þegar hafa kallað eftir að Ísrael verði vikið úr keppninni í ár (24. febrúar 2025)

- RTVSLO (Slóvenía)

2. Ríkisfjölmiðlar sem kröfðust þess að Rússlandi yrði vikið úr keppni 2022

- ERR (Eistland)
- YLE (Finnland)
- LRT (Litháen)
- AVROTROS (Holland)
- NRK (Noregur)
- TVP (Pólland)
- SVT (Svíþjóð)
- UA:PBC (Úkraína)

DR (Danmörk) er því miður ólíklegur samstarfsaðili vegna pólitískra áhrifa.

3. Ríkisfjölmiðlar ríkja sem nýlega viðurkenndu sjálfstætt ríki Palestínu

- AMPTV (Armenía)
- VRT & RTBF (Belgía) (samþykkt þingsins liggur fyrir)
- RTÉ (Írland)
- TVE (Spánn)

4. Ríkisfjölmiðlar ríkja sem lengi hafa viðurkennt sjálfstætt ríki Palestínu

- RTSH (Albanía)
- İctimai (Aserbaídsjan)
- RTCG (Svartfjallaland)
- RTS (Serbía)

5. Aðrir óvæntir bandamenn

- RTL (Lúxemborg)
- PBS (Malta)
- RTP (Portúgal)
- SMRTV (San Marínó)